

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1064****2022/EES/34/08****frá 28. júní 2021****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/520 að því er varðar samsetningu auðkenniskóða fyrir dýr vegna rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi fyrir Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. og c-, d- og f-lið 2. mgr. 120. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum sem geta borist í dýr eða menn. Í 1. og 2. kafla I. bóls IV. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja innan Sambandsins. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja reglur til að bæta við tiltekna veigalitlega þætti þeirrar reglugerðar með framseldum gerðum.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 með því að þar er kveðið á um reglur fyrir skráðar og samþykktar starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunaregg og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja. Í III. hluta þeirrar framseldu reglugerðar eru reglur um rekjanleika landdýra í haldi og nánar tiltekið er í I. og II. bóli III. hluta mælt fyrir um reglur um rekjanleika nautgripa, sauðfjár og geita í haldi.
- 3) Til að tryggja samræmda beitingu reglnanna um rekjanleika, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 og framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035, í Sambandinu er mælt fyrir um framkvæmdarreglur um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/520 ⁽³⁾.
- 4) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir reglugerð (EB) nr. 2016/429, sem og gerðir framkvæmdastjórnarinnar sem byggjast á henni, um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í útgöngusamningnum. Af þessum sökum gilda reglurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/520 í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland. Til glöggvunar þykir rétt að vísa til útgöngusamningsins í 1. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar.
- 5) Auk þess er í a-lið 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/520 mælt fyrir um reglur um samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi. Fyrsti þáttur auðkenniskóðans er landskóði aðildarríkisins þar sem auðkenningin var fyrst sett á dýrin, annaðhvort á sniðinu tveggja bókstafa kóði í samræmi við ISO-staðalinn 3166-1 alfa-2, að undanskildu Grikklandi en þar skal nota tveggja stafa kóðann „EL“, eða

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 229, 29.6.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (Stj. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/520 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi (Stj. ESB L 104, 25.3.2021, bls. 39).

Þriggja tölustafa landskóða í samræmi við ISO-staðalinn 3166-1-talnakóði. Þar eð engar undirskiptingar fyrir Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland eru í ISO-stöðlumum sem um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2021/520 ætti að breyta þeirri reglugerð til að mæla fyrir um hvaða landskóði ætti að vera fyrsti þáttur auðkenniskóðans fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi sem eru auðkennd á því svæði Breska konungsríkisins.

- 6) Í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1470 ⁽⁴⁾ er sett fram landa- og svæðaflokkunarkerfi fyrir evrópskar hagskýrslur um alþjóðaviðskipti með vörur og þar er mælt fyrir um að nota skuli tveggja bókstafa kóðann „XI“ ef aðgreina þarf Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðeigandi ákvæðum Sambandsins. Þess vegna ætti að vísa til þessa kóða í i. lið a-liðar 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/520 fyrir Breska Konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.
- 7) Enn fremur hefur ekki verið skilgreindur samsvarandi þriggja tölustafa kóði til að nota ef aðgreina þarf Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland. Þriggja tölustafa kóðanum „899“ er ekki úthlutað í ISO-staðlinum 3166-1-talnakóði. Þess vegna ætti að vísa til þessa kóða í ii. lið a-liðar 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/520 fyrir Breska Konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.
- 8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/520 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/520 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað inngangsorðanna í 1. gr. kemur eftirfarandi:

„Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur fyrir aðildarríki (*) að því er varðar:

(*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja eða Sambandsins, að því er þessa reglugerð varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.“

- 2) Í stað a-liðar 12. gr. kemur eftirfarandi:

„a) fyrsti þáttur auðkenniskóðans skal vera landskóði aðildarríkisins þar sem auðkenningin var fyrst sett á dýrin, annaðhvort á sniðinu:

- i. tveggja bókstafa kóði í samræmi við ISO-staðalinn 3166-1-alfa-2, að undanskildu Grikklandi en þar skal nota tveggja bókstafa kóðann „EL“ og Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland en þar skal nota tveggja bókstafa kóðann „XI“, eða
- ii. þriggja tölustafa landskóði í samræmi við ISO-staðalinn 3166-1-talnakóði, að undanskildu Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland en þar skal nota „899“;

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1470 frá 12. október 2020 um landa- og svæðaflokkunarkerfi fyrir evrópskar hagskýrslur um alþjóðaviðskipti með vörur og um landfræðilega sundurliðun fyrir aðrar hagskýrslur um fyrirtæki (Stjtíð. ESB L 334, 13.10.2020, bls. 2).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
